

Fundur 8.4.2024 Neanderdalsmaður Ken On

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið og sæl.*

Gleður mig að komast aftur í sambandið og höfum við sífelld stefnt ofar og hef ég vanist því að tala úr þessum byggingum og gleður það mig mjög að við höfum yfirgefið okkar gömlu lífshætti og höfum nú farið að hjálpa öðrum og finnum æ meiri orku streyma um okkur, þannig að við þurfum minna að borða og fríkkum og sjá má þess merki á núverandi jörð okkar einnig og náttúran fer batnandi eftir því sem okkur tekst að ná betri tókum á líforkunni sem fylgir okkur og verða betri við náungann og dýrinn á okkar jörð.

Höfum við nýlega tekið upp verkefni sem við höfðum ekki tekið þátt í áður og er það mjög gefandi og finn ég að allir þeir sem taka þátt í því verkefni bæta sig og aðra að miklum mun og sjá má líforkuna leika um fólkið mitt og finna að þau gera gagn.

Og erum við einnig í nánnum tengslum við fjarstaddar mannverur og Guði og Gyðjur sem hjálpa okkur á leiðinni áfram og fylgjast með framförum okkar og eru nokkur þeirra framkomin á okkar hnetti, okkur til aðstoðar og taka þátt í daglegu líf okkar og er það mjög ánægjulegt.

Verkefni þetta gengur út á það að taka á móti fjarskyldum ættingjum okkar sem komin eru á þróunarbrautina, en ekki eins langt og við og sem misst hafa framlífs hnött sinn og eru með framfara sinnaða einstaklinga í sínum hópi sem leitt hafa fjöldann til framfara og sem fá að koma á okkar framlífs hnött og samlagast okkur undir eftirliti margra úr okkar þjóðfélagi og verndara okkar sem aðkomnir eru frá öðrum jörðum og mannfélögum, og aðstoða okkur á allan hátt.

Tölum við ekki sama tungumálið og er það mikil áskorun að fá túlka til að gera okkur skiljanleg við þau og gera mál þeirra okkur skiljanlegt og eru þau ekki langt komin í hugsanalestri og slíku, en höfum við einnig fengið aðstoð frá þeim aðkomnu í því efni að brúa bilið þar sem upp á vantar, þar sem það er hægt.

Talaði ég til ykkar áður og kynnti ég mig og lýsti ég lífi mínu í nokkrum orðum og finn ég ekki sömu orkuna, er ég hér á þessari jörð að þjálfa líkama minn til að taka á móti nýjum orkutegundum og skilja við mína gömlu lífshætti.

Höfum við einnig fengið þessa fjarskyldu ættingja okkar til að breyta hegðun sinni til góðs og hefur það að mestu gengið vel og láta þeir frá sér sín frumstæðu vopn.

Voru þeir hluti af meira menningarsamfélagi en féllu aftur niður á frumstæðara stig eftir náttúruhamfarir og annað sem á þeim dundi.

Og er það fróðlegt frá því að segja, finn ég orkuna minnka, Neanderdalsmaður Ken On,

Talaði ég til ykkar áður, finn ég orkuna minnka verð ég að tala síðar, get ekki talað meira.

*Þakka þér fyrir komuna.*

Hef ég sagt nafn mitt ?

*Ken On sagðir þú.*

Já, Veri þið sæl, reyni að koma þessu að síðar.

*Sæll vertu.*